

Vátryggingaskilmálar nr. 12

Frjálsar ökutækjatrýggingar - Kaskótrygging

A. KASKÓTRYGGING

1. Vátryggingarsamningurinn, félagið og fleira.

- 1.1 Vátryggingarsamningurinn innifelur ökutækjatrýggingar eins og vátryggingartaki hefur valið og eru nánar tilgreindar í vátryggingarskírteini.
- 1.2 Tryggingafélagið sem vátrygginguna veitir er Tryggingamiðstöðin hf., hér eftir ásamt Elísabetu nefnt félagið.
- 1.3 Skilmálar þessir gilda um kaskótryggingar, og eftir atvikum bílrúðutryggingar, sem í gildi eru hjá Elísabetu. Vátrygging hjá Elísabetu gildir eingöngu um ökutæki til einkanota.
- 1.4 Elísabet er vörumerki í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar og sá vettvangur félagsins sem heldur utan um og annast öll samskipti milli vátryggingartaka og félagsins, þ.m.t. á Internetinu.
- 1.5 Í umsókn um vátrygginguna gefur vátryggingartaki upp netfang sem hann staðfestir og samþykkir að sé virk og rétt boðleið fyrir Elísabetu varðandi nauðsynlegar tilkynningar vegna vátryggingarinnar, svo sem tilkynningar um greiðslu iðgjalda, breytingar á iðgjöldum og skilmálum, vanskil, endurnýjun skírteina og niðurfellingu vátryggingar. Vátryggingartaka er skylt að tilkynna Elísabetu um breytingar á uppgefnu netfangi. Það er á ábyrgð vátryggingartaka að netfangið sé rétt skráð við umsókn eða breytingu, netfangið sé virkt, netfangið sé vátryggingartaka aðgengilegt og það geti tekið á móti tölvupósti hverju sinni.
- 1.6 Vátryggingartaki skal senda Elísabetu á netfangið elisabet@elisabet.is allar upplýsingar eða tilkynningar er varða vátrygginguna, svo sem breytt heimilisfang eða netfang, breytingar á áhættunni og uppsögn.
- 1.7 Ef vátryggingartaki á þess ekki kost að koma tilkynningum til Elísabetar með tölvupósti, t.d. vegna bilunar í búnaði eða lokunar símalínu, skal hann koma tilkynningum til félagsins með öðrum tryggilegum hætti.
- 1.8 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, vátryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. (númer) 30/2004 um vátryggingarsamninga.

2. Hið vátryggða ökutæki og þeir sem eru vátryggðir.

- 2.1 Hið vátryggða ökutæki er nánar tilgreint í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun með skráningarnúmeri og tegundarheiti.

Vátryggingaskilmálar nr. 12

Frjálsar ökutækjetryggingar - Kaskótrygging

- 2.2 Vátryggingartaki er vátryggður, svo og hver sá sem með samþykki hans notar ökutækið eða ekur því. Þó er undanskilið þegar einkabifreið er leigð út gegn gjaldi.
- 2.3 Sé vátryggingartaki annar en skráður eigandi ökutækis eða hefur ekki varanleg umráð þess skal hann upplýsa Elísabetu með tölvupósti um skráðan eiganda eða þann sem hefur varanleg umráð ökutækisins.
- 2.4 Vátryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila en greinir í 1. mgr. (málgrein), svo sem réttthafa að þinglýstum eignarrétti, veðrétti eða öðrum skráðum eða óskráðum eignarréttindum nema sérstaklega hafi verið samið um annað. Vátryggingin er heldur ekki til hagsbóta fyrir nýjan eiganda og fellur niður við eigendaskipti. Vátryggingin gildir þó fyrir nýjan eiganda, ef vátryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum og nýi eigandinn hefur ekki sjálfur tekið vátryggingu.

3. Landfræðileg mörk.

- 3.1 Vátryggingin gildir eingöngu á Íslandi.

4. Tjónsorsakir sem vátryggingin nær til.

- 4.1 Auk þeirra tjónstilvika, sem getur í 5. til 8. gr., bætir félagið skemmdir á hinu vátryggða ökutæki, sbr. (samanber) 11. gr., sem verða með skyndilegum og óvæntum hætti af völdum:
- eldingar,
 - eldsvoða (ef eldur verður laus) og sprengingar sem stafar af honum,
 - áreksturs,
 - áaksturs,
 - veltu,
 - útafaksturs eða hrops ökutækisins,
 - grjóthruns,
 - snjóflóðs úr fjallshlíð,
 - skriðufalls,
 - aur- eða vatnsflóðs.
- 4.2 Vátryggingin nær til sérútbúinna jeppa og/eða torfærubifreiða sem aka annars staðar en á vegum landsins, s.s. (svo sem) um tún eða engi, á snjósköflum, á ís, yfir óbrúaðar ár eða læki, um fjörur, forvaða, vegatroðninga og/eða aðrar vegleysur. Undanskilin eru tjón sem verða við að vatn flæðir inn í hið vátryggða ökutæki.

Vátryggingaskilmálar nr. 12

Frjálsar ökutækjatyggingar - Kaskótrygging

5. Stuldur – skemmdarverk.

- 5.1 Félagið bætir skemmdir sem verða á ökutækinu sé því stolið eða tilraun gerð til að stela því. Ennfremur bætir félagið skemmdir af völdum skemmdarverka, þó eru undanskildar skemmdir er verða við tilvik sem lýst er í l., m. og n. liðum gr. 10.1.
- 5.2 Það er skilyrði fyrir bótaskyldu samkvæmt þessari grein að félaginu og lögreglu sé strax tilkynnt um tjónið. Bætur vegna tjóns samkvæmt þessari grein greiðast því aðeins að tjónsatburðurinn gerist á Íslandi.

6. Fok – óveður.

- 6.1 Félagið bætir skemmdir sem verða á ökutækinu ef það fýkur eða ef vélarhlíf, kistulok eða hurðir fjúka upp. Einnig bætast aðrar skemmdir á ökutækinu af völdum ofsaveðurs hafi vindhraði náð 28,5 metrum á sekúndu. Við mat á vindhraða skal lögð til grundvallar mæling Veðurstofu Íslands. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu. Tjón af völdum þess að sandur, möl, aska, vikur eða önnur jarðefni fjúka á ökutæki bætist þó ekki.

7. Tjón við flutning ökutækis.

- 7.1 Félagið bætir skemmdir er verða á ökutækinu við flutning á því með öðru flutningstæki á landi. Ennfremur þegar það er flutt á skipi milli hafna á Íslandi ef flutningurinn er liður í ferðalagi. Tjón af völdum sjóbleytu bætist þó ekki.

8. Brot á rúðum ökutækisins.

- 8.1 Félagið bætir brot á rúðum ökutækisins ásamt ísetningarkostnaði, enda þótt skilyrði gr. 4.1, 5.1 eða 6.1 séu ekki fyrir hendi. Það telst ekki brot þótt flísist úr rúðu eða hún rispist eða skrámist. Eigi greiðast bætur fyrir rúður sem brotna við úrtöku eða ísetningu.
- 8.2 Bætur fyrir tjón skv. 1. mgr. miðast við venjulega bílrúðu ökutækis, en ekki sérútbúna eða óvenjulega rúðu, svo sem rúðu með innbyggðu loftneti, hita eða öðrum sérbúnaði sem gerir hana mun dýrari en venjulega bílrúðu í sambærilegri bifreið. Tryggingin bætir eingöngu fram-, hliðar- og afturrúðu. Tjón á topplúgu eða glerþaki er ekki bætt úr rúðutryggingu.
- 8.3 Bætur úr rúðutryggingu verða aldrei hærri en sem nemur 35% af verðmæti bifreiðarinnar.

Vátryggingaskilmálar nr. 12

Frjálsar ökutækjatrýggingar - Kaskótrygging

9. Flutningskostnaður.

9.1 Félagið greiðir kostnað við björgun og við flutning ökutækis til næsta viðurkennda viðgerðarverkstæðis verði ökutækið öökufært af völdum áreksturs, áaksturs, veltu eða útafaksturs sem verður við akstur eftir vegum landsins.

10. Takmörkun á gildissviði vátryggingarinnar og ásetningur og stórkostlegt gáleysi.

10.1 Félagið greiðir ekki bætur þegar:

- a. tjón hlýst af því að vátryggður eða ökumaður hefur ekki öðlast réttindi til að aka ökutæki því sem um ræðir eða misst réttindi til að aka því,
- b. ökutækið er notað í hvers konar akstursíþróttum, við kappakstur, aksturskeppni, reynsluakstur eða æfingar fyrir slíkan akstur, nema um annað sé samið,
- c. um er að ræða akstur þar sem bannað er að aka ökutækinu,
- d. ekið er annars staðar en á vegum landsins, svo sem túnum, engjum, á snjósköflum, á ís, yfir óbrúaðar ár eða læki, um fjörur, forvaða, vegatroðninga og/eða aðrar vegleysur, þó að því undanskildu er skemmdir verða þegar ökumaður hefur neyðst til að aka út af akbraut, til dæmis vegna viðgerðar á vegi,
- e. skemmdir hljótast af því að ökutæki er ekið í vatni eða sjó,
- f. ökutækið er notað til annars aksturs en til þess sem getið er í skírteininu,
- g. vátrygging hefur fallið úr gildi vegna vanskila á iðgjaldi eða vegna uppsagnar,
- h. skemmdir verða af efnisgalla, hönnunargalla, smíðisgalla, viðgerðargalla eða bilunar ökutækisins, þó bætast skemmdir sem hljótast af þessum orsökum á öðrum hlutum ökutækisins ef um áakstur, árekstur, veltu eða útafakstur er að ræða,
- i. skemmdir verða af sliti eða ófullnægjandi viðhaldi,
- j. ökutækið er fengið í hendur aðila sem er ófær til að aka skv. (samkvæmt) 44. gr. umferðarlaganna,
- k. skemmdir hljótast af völdum annarra náttúruhamfara en þeirra sem getur í g. til j. liðum gr. 4.1 og 6. gr., svo sem eldgoss, jarðskjálfta eða sandfoks,
- l. tjónið verður rakið til stríðs, óeirða, uppots, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða,
- m. skemmdir hljótast af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna,
- n. um er að ræða tjón af völdum dýra.

10.2 Valdi vátryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta. Hið sama gildir hafi ökumaður, sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir ökutækinu, valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Vátryggingaskilmálar nr. 12

Frjálsar ökutækjatrýggingar - Kaskótrygging

11. Skemmdir á ökutæki sem bætast og einstakir hlutar sem ekki bætast.

- 11.1 Vátryggingin bætir skemmdir á ökutækinu sjálfu og eðlilegum aukahlutum, svo sem grjótgrindum og sílsalistum, sem eru varanlega tengd ökutækinu.
- 11.2 Vátryggingin bætir ekki:
- skemmdir er varða hjól, hjólbarða, fjaðrir, rafgeymi, gler, annað en rúður sbr. 8. gr., svo og tjón vegna stuldar einstakra hluta ökutækisins og skemmdir sem af því stafa,
 - skemmdir á rafbúnaði ökutækis er hljótast af skammhlaupi sem ekki veldur eldsvoða,
 - skemmdir á strokkum, kæli eða öðrum hlutum ökutækisins er stafa af því að kælivatnið frýs eða af öðrum áhrifum veðráttunnar,
 - skemmdir af akstri á ósléttri akbraut, hér með talin bilun á ásum, fjöðrum, gírkassa, drifi, rafgeymi og öðrum hlutum í eða á undirvagni ökutækisins,
 - skemmdir vegna þess að hreyfillinn bráðnar saman,
 - skemmdir á undirvagni er hljótast af því að ökutækið tekur niðri á ójöfnum svo sem hryggjum eftir veghefla eða jarðföstu grjóti,
 - skemmdir er verða þegar laust grjót hrekkur upp undir ökutækið í akstri.
- 11.3 Vátryggingin tekur ekki til neins aukaútbúnaðar ökutækisins, svo sem farsíma, talstöðva, staðsetningartækja, hjólkoppa, vörulyfta og krana vörubifreiða, málaðra auglýsinga, skíðaboga og lausra farangursgrinda.
- 11.4 Tjón á hljómtækjum við innbrot í bifreið bætist að hámarki með 50.000 krónum vegna hvers vátryggingaratburðar.

12. Tilkynning um tjón og ráðstafanir vegna tjóns.

- 12.1 Þegar tjón er orðið skal vátryggður tafarlaust tilkynna félaginu það skriflega.
- 12.2 Er tjón hefur orðið eða bein hættu er á því að það muni bera að höndum ber vátryggðum að reyna að afstýra tjóni eða draga úr því. Einnig ber vátryggðum að gera ráðstafanir til að tryggja endurgreiðslu félagsins ef hann á rétt til bóta frá þriðja manni. Vátryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.
- 12.3 Vanræksla á skyldum vátryggðs skv. 1. og 2. mgr. getur valdið skerðingu eða missi vátryggingarverndar eftir lögum um vátryggingarsamninga.
- 12.4 Félagið leysist úr ábyrgð ef vátryggður krefur það ekki um bætur innan árs frá því að hann fékk vitneskju um atvik er krafan er reist á.

Vátryggingaskilmálar nr. 12

Frjálsar ökutækjatrýggingar - Kaskótrygging

13. Framsal réttar – endurkröfur.

13.1 Vátryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja eða veðsetja réttindi sín samkvæmt vátryggingarsamningnum. Bæti félagið tjón, sem þriðji maður ber skaðabótaábyrgð á, öðlast það rétt vátryggðs gagnvart honum að því marki sem bótunum nemur.

14. Vátryggingarverðmæti og vátrygging undir verðmæti bifreiðar.

14.1 Vátryggingarverðmæti ökutækisins er ávallt markaðsvirði þess, en það er sú fjárhæð sem sambærilegt ökutæki að tegund, aldri og gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi miðað við staðgreiðslu. Verði ökutæki fyrir fleiri en einu tjóni á sama vátryggingartímabili skal fjárhæð bóta ekki fara fram úr verðmæti ökutækisins í upphafi vátryggingartímabilsins. Jafnvel þótt vátryggingarfjárhæð sé tilgreind í vátryggingarskírteini gildir alltaf markaðsverð eins og hér að framan greinir.

14.2 Iðgjald vátryggingarinnar tekur mið af verðmæti ökutækisins sem vátryggingartaki tilgreinir einhliða í vátryggingarumsókn. Sé hið tilgreinda verðmæti lægra en vátryggingarverðmætið skv. 1. mgr. er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir þeim mun sem er á hinu tilgreinda verðmæti og vátryggingarverðmætinu.

15. Algert tjón og bætur fyrir algert tjón.

15.1 Félagið greiðir bætur fyrir algert tjón, ef:

- a. ökutækið verður fyrir svo miklum skemmdum að félagið álitur ekki borga sig að gera við það,
- b. ökutækinu er stolið og það hefur ekki fundist innan fjögurra vikna frá því að félaginu og lögreglu var tilkynnt um atburðinn.

15.2 Fyrir algert tjón greiðir félagið markaðsvirði ökutækisins, sbr. 14. gr.

16. Viðgerðarkostnaður og daggjald vegna afnotamissis.

16.1 Skemmist ökutækið án þess að skilyrði 15. gr. séu fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera ökutækið, að svo miklu leyti sem unnt er, eins og það var fyrir tjónið.

16.2 Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað. Við ákvörðun bóta fyrir viðgerð skal taka mið af markaðsvirði ökutækisins, sbr. 14. gr. Náist ekki samkomulag um viðgerðarkostnað skulu dómkvaddir menn meta hann.

Vátryggingaskilmálar nr. 12

Frjálsar ökutækjetryggingar - Kaskótrygging

- 16.3 Lækkun á markaðsverði ökutækisins, óbeint tjón svo sem afnotamissir, sbr. þó 5. mgr., aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnaður vegna sérpantana á varahlutum bætist ekki.
- 16.4 Leita skal fyrirfram samþykkis félagsins á viðgerðaraðila. Félaginu er ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess.
- 16.5 Félagið greiðir vátryggðum daggjald bílaleigubíls í flokki A samkvæmt reikningi frá bílaleigu í allt að fimm daga meðan hin vátryggða bifreið bifreið er á verkstæði vegna bótaskylds tjóns. Ekki eru greiddar bætur ef bílaleigubifreið er ekki tekin á meðan viðgerð stendur.
- 17. Endurnýjun einstakra hluta.**
- 17.1 Verði ágreiningur um hvort eða að hve miklu leyti félagið skuli taka þátt í endurnýjun einstakra hluta ökutækisins má skjóta honum til úrskurðar dómkvaddra manna. Þeim aðila sem matið gengur í vil ber eigi að greiða matskostnað.
- 18. Breyting á áhættu.**
- 18.1 Vátryggingartaki skal tilkynna Elísabetu tafarlaust ef hann flytur búferlum. Vátryggingartaki skal tilkynna allar breytingar á ökutækinu eða notkun þess er haft geta í för með sér breytingu á áhættu eða notkun sérstakra tækja og búnaðar á bifreið, enda gildir vátryggingin einungis fyrir ökutæki til einkanota samanber gr. 1.3.
- 19. Svik og rangar upplýsingar.**
- 19.1 Hafi vátryggingartaki við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og vátryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 20. gr. vátryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur rétt til að segja vátryggingunni upp, sbr. 21. gr. laganna.
- 19.2 Veiti vátryggður við uppgjör bóta af ásetningi rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan eins og nánar greinir í 47. gr. vátryggingarsamningalaga.

Vátryggingaskilmálar nr. 12

Frjálsar ökutækjatrýggingar - Kaskótrygging

20. Varúðarreglur.

20.1 Vátryggðum og þeim sem hafa ökutækið með höndum er skylt að gæta þess að það sé í lögmæltu ástandi. Sérstaklega ber að sjá svo um að öryggistæki þess, svo sem stýris-, hemla-, merkja- og ljósabúnaður, séu í fullkomnu lagi og virki örugglega. Þá skal ökutækinu einungis vera ekið af þeim sem hefur réttindi til að aka því. Brot gegn gildandi varúðarreglum getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta.

21. Upphaf ábyrgðar.

21.1 Vátryggingin tekur gildi þann dag sem tilgreindur er í vátryggingarskírteininu og ökutækið hefur verið ástandsskoðað af hálfu félagsins, nema um annað sé samið.

21.2 Sé ekki um annað samið gildir vátryggingin til næsta gjalddaga kl. (klukkan) 00.00.

22. Framlenging vátryggingarinnar og uppsögn.

22.1 Vátryggingartímabilið er einn mánuður í senn og vátryggingin endurnýjast á mánaðarfresti nema hún hafi verið felld niður vegna uppsagnar af hálfu vátryggingartaka.

23. Breytingar á vátryggingarskilmálum.

23.1 Ef félagið gerir breytingar á vátryggingarskilmálum skal félagið tilkynna vátryggingartaka um þessar breytingar með tölvupósti á skráð netfang vátryggingartaka.

24. Greiðsla iðgjalds.

24.1 Fyrsta iðgjald fellur í gjalddaga þegar ábyrgð Elísabetar hefst, sbr. gr. 21.1. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils.

24.2 Síðari iðgjöld skulu greidd fyrsta dag endurnýjunartímabils með skuldfærslu á greiðslukort, sbr. gr. 24.3. Sé iðgjaldið ekki greitt innan mánaðar er vátryggingartaka send, með tölvupósti, sérstök aðvörun þar sem greiðslu er krafist. Vátryggingin fellur úr gildi sé iðgjaldið enn ógreitt að 14 dögum liðnum frá sendingu aðvörunarinnar.

24.3 Iðgjaldið er einungis greitt með kreditkorti hjá Elísabetu. Hafi viðskiptavinur bílatryggingu og bílalán eða bílasamning hjá Elísabetu, er iðgjaldið þó að jafnaði innheimt með greiðsluseðli ásamt afborgun á láni eða samningnum.

Vátryggingaskilmálar nr. 12

Frjálsar ökutækjatrýggingar - Kaskótrygging

24.4 Ef trygging er felld niður vegna vanskila, skal vátryggingartaki engu að síður greiða fyrir það tímabil sem vátryggingin var í gildi.

25. Sala ökutækis og afskráning.

25.1 Vátryggingartaka ber að tilkynna Elísabetu án tafar sé ökutækið afskráð eða selt, enda gildir vátryggingin ekki fyrir nýjan eiganda, sbr. þó gr. 2.4. Sé ökutækið selt eða afskráð endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við það sem eftir er af vátryggingartímabilinu.

25.2 Greiði félagið bætur fyrir algert tjón lýkur vátryggingunni þegar formlega er gengið frá tjónsuppgjöri. Vátryggingartaki á ekki rétt til endurgreiðslu ef svo stefndur á.

26. Takmörkun endurgreiðslu.

26.1 Hafi ökutækið ekki verið í notkun af öðrum ástæðum en bótaskyldu tjóni er ekki hægt að krefja Elísabetu um endurgreiðslu iðgjalds.

27. Iðgjaldsákvörðun.

27.1 Iðgjald fyrir vátryggingu þessa er reiknað eftir iðgjaldaskrá Elísabetar. Elísabet áskilur sér rétt til að ákveða endurnýjunariðgjald eftir nýrri iðgjaldaskrá með hliðsjón af almennri áhættubreytingu, verðlagsþróun og öðrum orsökum sem raska bótagrundvellingnum.

27.2 Elísabet áskilur sér rétt til að tvöfalda iðgjald vátryggingartaka verði hann valdur að þremur bótaskyldum tjónum á fimm ára tímabili.

28. Uppsagnarréttur félagsins.

28.1 Nú hefur vátryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarbrests milli félagsins og vátryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar vátryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar með tölvupósti eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af vátryggingartímabilinu.

29. Greiðsla bóta.

29.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð

Vátryggingaskilmálar nr. 12

Frjálsar ökutækjetryggingar - Kaskótrygging

bóta. Vátryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. vátryggingarsamningalaga.

29.2 Bætur greiðast aðeins í íslenskum krónum án tillits til þess hvar vátryggingaratburður verður.

30. Eigin áhætta.

30.1 Af hverju tjóni ber vátryggingartaki eigin áhættu eins og getið er í gildandi vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

31. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

31.1 Ágreiningi varðandi vátryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna og úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um þessar nefndir og starfshætti þeirra má fá hjá félaginu.

31.2 Þrátt fyrir úrræði skv. 1. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

31.3 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

B. LÉTTKASKÓ (Líka nefnt „Hentar flestum”)

32. Skilgreining á Léttkaskó.

32.1 Léttkaskó bætir eingöngu tjón á vátryggðri bifreið sem verður vegna tjónsorsaka sem getið er um í greinum 4.1, 4.2, 6.1 svo og flutningskostnað sbr. gr. 9.1. Léttkaskó tekur mið af verðmæti bifreiðar.

32.2 Léttkaskó bætir ekki tjón sem verða á rúðum bifreiðar þar sem tjónsorsakir eru aðrar en fram koma í greinum 4.1, 4.2 og 6.1.

Vátryggingaskilmálar nr. 12

Frjálsar ökutækjatrýggingar - Kaskótrygging

C. BÍLRÚÐUTRYGGING

33. Almennt um bílrúðutryggingu.

- 33.1 Kaskótryggingin „Hentar bílnum” inniheldur rúðutryggingu. Vátryggingatakar með aðra vátryggingarvernd en Kaskótryggingu, gefst kostur á að bæta rúðutryggingu við vátryggingarvernd sína.
- 33.2 Um vátrygginguna gilda lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, ef eigi leiðir annað af skilmálum þessum eða öðrum ákvæðum vátryggingarsamnings.

34. Gildissvið.

- 34.1 Vátryggingin bætir brot á bílrúðu ökutækisins ásamt ísetningarkostnaði, nema vátryggður hafi valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Það telst ekki brot þótt flísist úr rúðu eða hún rispist.

35. Rúður með sérbúnaði.

- 35.1 Bætur fyrir tjón skv. 34. gr. miðast við venjulega bílrúðu ökutækis, en ekki sérútbúna eða óvenjulega rúðu, svo sem rúðu með innbyggðu loftneti, hita eða öðrum sérbúnaði sem gerir hana mun dýrari en venjulega bílrúðu í sambærilegri bifreið. Tryggingin bætir eingöngu fram-, hliðar- og afturrúðu. Tjón á topplúgu eða glerpaki er ekki bætt úr rúðutryggingu.
- 35.2 Bætur úr rúðutryggingu verða aldrei hærri en sem nemur 35% af verðmæti bifreiðarinnar.

36. Tilkynning um tjón og ráðstafanir vegna tjóns.

- 36.1 Þegar tjón er orðið skal vátryggður tafarlaust tilkynna félaginu það skriflega og krafa skal tilkynnt eigi síðar en innan árs frá því hann vissi eða mátti vita að vátryggingaratburður hafi orðið. Vanræksla á þessum skyldum vátryggðs getur valdið skerðingu eða missi vátryggingarverndar eftir lögum um vátryggingarsamninga.

37. Eigin áhætta.

- 37.1 Bæti vátryggingin tjón á bílrúðu vegna rúðutjóns með nýrri bílrúðu ber vátryggingartaki eigin áhættu eins og getið er í vátryggingarskírteini eða

Vátryggingaskilmálar nr. 12

Frjálsar ökutækjatyggingar - Kaskótrygging

iðgjaldskvittun. Sé unnt að gera við hina skemmdu bílrúðu greiðir vátryggingin fyrir viðgerð hennar án eigin áhættu vátryggingartaka.

38. Úrtaka, ísetning og afnotamissir.

38.1 Rúða sem brotnar við úrtöku eða ísetningu er ekki bætt. Ekki er bætt tjón vegna afnotamissis ökutækisins er rúða brotnar.

39. Endurgreiðsla.

39.1 Iðgjald af vátryggingu þessari verður ekki endurgreitt þótt um tímabundna afskráningu eða innistöðu sé að ræða.

40. Tilvísun í skilmála.

40.1 Að öðru leyti vísast til skilmála Elísabetar fyrir kaskótryggingu eftir því sem við á.

Skilmálar þessir gilda frá 17. júlí 2008.